

Sumartónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

*Auður Gunnarsdóttir*

*sópran*

*Andrej Hovrin*

*píanó*



Þriðjudaginn 8. ágúst 2006 kl. 20:30

## Efnisskrá

**Auður Gunnarsdóttir** lauk námi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 1991 hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Ári síðar hélt hún til framhaldsnáms til Stuttgart og lauk prófi frá óperu-, ljóða- og einsöngvaradeild tónlistarháskólans þar árið 1997 undir leiðsögn Luisa Bosabalian prófessors og Carl Davis. Eftir það lá leiðin að óperunni í Würzburg þar sem hún söng meðal annars Rosalindu í *Leðurblökunni*, Antóníu í *Ævintýrum Hoffmanns*, Pamínu í *Töfraflautunni*, Michaëlu í *Carmen* og Donnu Elviru í *Don Giovanni*. Auk þess hefur Auður komið fram í óperuhúsunum í Mannheim, Heidelberg, Bielefeld og Hannover. Auður hefur haldið fjölda ljóðatónleika hér heima og erlendis. Árið 1999 kom út geisladiskurinn *Íslenskir söngvar* þar sem Jónas Ingimundarson leikur með henni á píanó. Í Íslensku óperunni hefur Auður farið með hlutverk Mimiar í *La Bohème*, Pamínu í *Töfraflautunni* og Greifynjunnar í *Brúðkaupi Fígarós*. Auður hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir söng sinn, m.a. styrk frá Richard-Wagner félaginu í Stuttgart og Listamannalaun ríkisins.

**Andrej Hovrin** fæddist árið 1968 í Samara í Rússlandi og nam píanóleik við tónlistarskólann þar. Að loknu Diploma-prófi hóf hann framhaldsnám við Petrosavodsker háskólann hjá R. Ostrovsky prófessor sem hann lauk með láði og árið 1995 hóf hann að sérhæfa sig í meðleik með ljóðasöng hjá prófessor Bibikova. Í apríl 2000 innritaðist hann í ljóðadeild Tónlistarháskólans í Stuttgart, þar sem hann var undir handleiðslu prófessors Konrad Richter og lauk prófi í meðleik með ljóðasöng. Um árabíl var hann konsertpíanóleikari og dósent við Petrosavodsker háskólann, en er nú fastráðinn píanóleikari við Würzburg óperuna. Andrej hefur komið víða fram sem einleikari og kammermúsík- og ljóðapíanóleikari, t.d. í Svíþjóð, Þýskalandi, Grikklandi og á Ítalíu.

Alban Berg  
*Sieben frühe Lieder*

1885 – 1935

Nacht  
Schilflied  
Die Nachtigall  
Traumgekrönt  
Im Zimmer  
Liebesode  
Sommertage

*Carl Hauptmann*  
*Nikolaus Lenau*  
*Theodor Storm*  
*Rainer Maria Rilke*  
*Johanes Schlaf*  
*Otto Erich Hartleben*  
*Paul Hohenberg*

Jean Sibelius

1867 – 1957

Svarta rosor  
Den första kysen  
Flickan kom ifrån sin älsklings möte

*E. Josephson*  
*J.L. Runeberg*  
*J.L. Runeberg*

Edvard Grieg  
*Sechs Gesänge, op. 48*

1843 – 1907

Gruß  
Dereinst, Gedanke mein  
Lauf der Welt  
Die verschwiegene Nachtigall  
Zur Rosenzeit  
Ein Traum

*H. Heine*  
*E. Geibel*  
*L. Uhland*  
*W. v. der Vogelwede*  
*Goethe*  
*F.v. Bodenstedt*

Sergei Rachmaninoff

1873 – 1943

„Syngdu ekki, fagra“ op.4 nr.4  
„Í þögn leyndardómsfullrar nætur“ op.4 nr.3  
„Vorleysingar“ op.14. nr.11

*A. Pushkin*  
*A. Fet*  
*F. Tyutchev*